

Ed.

880. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á 5 fundum. Kallaði hún til sín til viðtals stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, og mætti meiri hluti hennar hjá nefndinni og gaf þar ýmsar upplýsingar um málið. Eru sum af þeim gögnum birt hér sem fylgiskjöl, en annarra verður getið í framsögu. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vildu tveir nefndarmenn (GJ og StgrA) láta samþykkja frv. óbreytt, en einn nefndarmaður (BK) gera þá breytingu eina á frv. að færa takmörkin norður til Rifstanga í stað Langaness. Skrifar hann því undir með fyrirvara og áskilur sér rétt til að bera fram brtt., eins og að framan er lýst. Tveir nefndarmenn (SÁÓ og PM) töldu sig ekki geta fylgt frv. óbreyttu, og bera þeir því fram brtt. við frv. og gera jafnframt grein fyrir þeim í sérálitum eða við umræðu málsins.

Alþingi, 17. maí 1947.

Gísli Jónsson,
form., frsm.

B. Kristjánsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Sigurjón Á. Ólafsson,
með fyrirvara.

Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

Sjávarútvegsnefnd Nd. Alþingis, Reykjavík.

Fyrirspurn yðar varðandi umsögn stjórnar SR um frumvarp til laga um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness var afgreidd með eftirfarandi ályktun á fundi stjórnar SR í dag:

„Þar sem reynsla sú, sem fengin er af rekstri síldarverksmiðja í Neskaupstað og Seyðisfirði, bendir eindregið til þess, að ekki sé hagkvæmt að reka síldarverksmiðjur á þessum slóðum, eins og síldargöngum hefur verið háttað síðustu áratugi, leggur stjórn SR á móti því, að ríkið reisi síldarverksmiðju á Austurlandi að svo stöddu.

Vill verksmiðjustjórnin í þessu sambandi minna á, að skv. l. nr. 93/1942 á að reisa tvær síldarverksmiðjur við austanvert veiðisvæðið norðanlands, 5000 mála

verksmiðju á Raufarhöfn og 9000 mála verksmiðju á Húsavík. En annar þessara staða liggur ágætlega við helztu sildarmiðum sunnan Langaness og Pistilfjarðarmiðum og báðir vel við miðum á Axarfirði og umhverfis Melrakkasléttu.“

Tillagan var samþykkt með 3 atkv. gegn tveim.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst

f. h. stjórnar Sildarverksmiðja ríkisins

Sveinn Benediktsson.

Fylgiskjal II.

Móttekin sild sjá sildarverksmiðjum ríkisins, mál.

Veiðisvæði:	1939	1940	1941	1942	1943	1944	1945	1946	Samtals
Húnaflói	5 716	65 450	51 451	8 442	66 870	117 680	68 035	61 808	445 452
Skagafj. og út af Skaga	21 920	31 846	69 550	113 779	190 640	111 730	1 815	27 225	568 505
Haganesvík	14 158	8 659	222 821	374 555	47 225	17 365	6 474	1 195	95 076
Frá Siglufirði að Rauðunúpum	65 795	350 192							
Norður af Sléttu	13 196	178 429	2 144	9 190	49 760	82 465	»	20 540	355 724
Pistilfjörður	63 276	100 575	13 744	39 010	25 540	88 780	17 985	83 225	432 135
Út af Langanesi og við nesið	76 136	109 187	17 520	4 170	23 120	45 195	51 137	98 116	424 581
Bakkafjörður	8 908	6 789							
Vopnafjörður	64 700	51 537	»	»	»	»	»	9 765	126 002
Héraðsflói	»	»							
Mál samtals	333 805	902 664	377 230	549 146	719 394	915 535	154 826	436 997	4 389 597